

Aðalfundur foreldrafélags Álfasteins haldinn á Álfasteini 4. október 2011

1. Halla Björk fór yfir rekstrarreikning fyrir starfsárið 1. október 2010 til 30. september 2011 fyrir Andreu gjaldkera sem ekki komst á fundinn. Rekstrarhagnaður af tímabilinu var 10.842 kr. Á síðasta starfsári bauð stjórnin til sölu boli sem voru merktir leikskólanum og börnunum og var um það bil 10 þús kr. hagnaður af sölunni. Ánægja var meðal foreldra með bolina og rætt um að endurtaka þetta einhvern tímann.
2. Helga formaður bar upp tillögu stjórnar um að hækka gjald í foreldrafélagið úr 400 kr. í 500 kr. Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
3. Umræður um fjáröflun fyrir foreldrafélagið. Helga greindi frá því að stjórnin ætlar að stofna reikning fyrir foreldrafélagið í Endurvinnslunni þar sem foreldrar geta lagt inn pening fyrir dósir. Á fundinum kom fram hugmynd um að halda bingó til fjáröflunar fyrir foreldrafélagið. Einnig kom fram hugmynd að leyfa krökkunum að hafa opna búð til dæmis á vorhátíð.
4. Helga tilkynnti að hún myndi nú hætta í stjórn og auglýsti eftir foreldri í stjórn. Inga Björk Svavarsdóttir bauð sig fram og var kosin í stjórn.

Önnur mál

Hugmynd kom fram á fundinum að halda diskótek fyrir krakkana til dæmis á laugardegi. Hugrún sagði að foreldrar gætu fengið aðgang að leikskólanum til að gera það.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Fundarritari: Halla Björk Þorláksdóttir